



# Lækjarskóli

Ábyrgð - Virðing - Öryggi

Magnús Baldursson,  
Fræðslustjóri, sviðstjóri fræðsluviðs Hafnarfjarðarbæjar

Lækjarskóli 14. maí 2014

## Létt loft eða gólf yfir þrenn andyri Lækjarskóla.

### Greinagerð

Í nokkur ár hefur undirritaður rætt við allmarga sem málið varðar, um að kjörið væri að gera loft yfir þrenn andyri skólans. Slík framkvæmd væri mjög hagstæð varðandi orkubúskap og hitakerfi skólans. Loftið yrði jafnframt gólf á efri hæð skólans. Það gólfrymi sem við þessa aðgerð yrði til, myndi þjóna skólanum vel þar sem starfsemi skólans og félagsmiðstöðvarinnar, hefur undanfarinn misseri verið þröngur stakkur sniðinn hvað rými varðar. Nú þrengir enn að strax næsta haust vegna fjölgunar nemenda í ákveðnum árgöngum. Nemendum í Hafnarfirði sem þurfa á sértækum úrræðum að halda hefur einnig fjölgað mikið að undanförunu og það á ekki síst við um nemendur sem sækja almennt nám eða nám við sérdeildir Lækjarskóla. Vissulega er hátt til lofts í Lækjarskóla en öðru máli gegnir hvað varðar flatarmál og góða nýtingu þess. Kennslustofur eru litlar miðað algengan fjölda nemenda í bekk og almenningsrými taka mikið af heildarflatarmáli húsnæðisins.

### Framkvæmd

Hjálögð er teikning af aðalinngangi skólans (andyri) en önnur andyri eru sambærileg að flatarmáli. Arkitekt skólans skoðaði hugmynd að slíkri framkvæmd sem að framan greinir fyrir nokkrum árum síðan og taldi hann að slík framkvæmd myndi ekki hafa neikvæð áhrif á arkitektúr skólans, en hann sæi jafnframt kosti hvað varðaði nýtingu húss, hita- og orkubúskap. Gerði hann skissur af léttu gólfi eða brú til að loka á milli hæða í þremur andyrum skólans. Þetta er talin hagkvæm framkvæmd miðað við hversu mikið kennslurými eykst. Mikilvægt er að ráðist verði í slíkar framkvæmdir sem allra fyrst.

Það er nauðsynlegt að fá viðbótarrými fyrir starfsemi Lækjarskóla og er hér með bent á úrræði sem þeir sem að hafa komið og málið varðar líst afar vel á.

Undirritaður hefur rætt við forstöðumann Fasteignafélags Hafnarfjarðar á undanförunum árum og hverju sinni fengið góðan hljómgrunn hvað varðar hugmynd að slíkri framkvæmd.

Virðingarfyllst,

Haraldur Haraldsson  
skólastjóri Lækjarskóla

